

## Lög Foreldrafélags og Foreldraráðs Menntaskólans að Laugarvatni.

1. Við Menntaskólann að Laugarvatni er starfandi foreldrafélag sem heitir:  
**Foreldrafélag Menntaskólans að Laugarvatni (FOMEL).**  
**Allir foreldrar og forráðamenn nemenda skólans geta verið félagar í foreldrafélaginu.**
2. **Hlutverk foreldrafélagsins er:**
  - a. Að vera **samráðs-** og **samstarfsvettvangur foreldra/forráðamanna** sem eiga börn í skólanum.
  - b. **Hvetja foreldra** til að veita börnum sínum stuðning, aðhald og hvatningu í námi sínu.
  - c. **Vera bakhjarl skólans** og hafa áhrif sem hagsmunahópur um bættan hag og stöðu skólans
  - d. **Styðja við fræðslu og umræðu** um uppeldis-, forvarnar- og skólamál, í **samvinnu við forvarnarfulltrúa skólans** og vera starfsfólki og stjórn skólans innanhandar.
  - e. **Standa vörð um réttindi nemenda** til góðra uppeldis- og menntunarskilyrða.
  - f. **Efla vitund** foreldra um forsjárskyldur sínar og efla þekkingu þeirra á réttindum og skyldum, sínum og barna sinna.
3. **Foreldrafélagið kys sér stjórn**, sem jafnframt er **Foreldraráð skólans**. Heimili og varnarþing foreldrafélagsins er í Menntaskólanum að Laugarvatni.
4. **Hlutverk foreldraráðs er að:**
  - a. Sjá um **gagnkvæmt upplýsingaflæði** milli skóla, foreldra og nemenda, t.d. með tölvupóstum, útgáfu fréttabréfs/heimasíðu, þar sem birtar eru fundargerðir og aðrar upplýsingar um starf foreldraráðs/foreldrafélags skólans.
  - b. **Koma sjónarmiðum foreldra** varðandi skóla- og uppeldismál á **framfæri** og vera **tengiliður** milli foreldra og starfsfólks og stjórnenda skólans til að efla og tryggja gott samstarf milli heimila og skóla.
  - c. Vera **tengiliður** milli foreldra og stjórnar nemendafélags skólans.
  - d. **Virkja foreldra í starfi félagsins.**
  - e. **Sjá um kynningu á foreldrafélaginu og foreldraráði** fyrir nýnema og foreldra þeirra á **kynningarfundum** að hausti.
  - f. **Taka þátt í samstarfi** við önnur foreldraráð sem og við foreldrafélög grunnskólanna og við Heimili og Skóla.
  - g. **Afla styrkja** til sérstakra verkefna.
5. **Foreldraráð skal skipað 3 foreldrum/forráðamönnum og 3 til vara.**  
**Foreldraráð skal kosið á aðalfundi Foreldrafélags ML (FOMEL)**, sem halda skal í **september** ár hvert. **Allir foreldraráðsfulltrúar sem og varamenn eru kosnir til eins árs í senn og skal jafnan einn aðalmanna vera úr hópi foreldra nýnema á 1. ári.** Foreldraráð skiptir með sér verkum. Kosnir skulu 2 skoðunarmenn reikninga til eins árs og einn til vara. Foreldraráð skal halda

- gerðarbók þar sem gerð er grein fyrir öllum fundum, mætingu og ákvörðunum. Fjárhagsár ráðsins er skólaárið, 1. ágúst til 31. júlí.
6. Foreldraráð tilnefnir einn fulltrúa úr stjórn sem **fulltrúa foreldra í skólanefnd** til eins árs í senn, með málfrelsi og tillögurétt, og einn til vara.
  7. **Aðalfundur Foreldrafélags ML** skal boðaður með minnst viku fyrirvara með dagskrá og **tilkynnt um dagsetningu hans á kynningarfundum nýnema að hausti**. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í atkvæðagreiðslu.

**Dagskrá Aðalfundar** skal vera:

- a. Kosning fundarstjóra og fundarritara
  - b. Skýrsla foreldraráðs
  - c. Lagabreytingar ef einhverjar eru
  - d. Endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram til samþykktar
  - e. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga
  - f. Kosning til Foreldraráðs
  - g. Önnur mál.
8. **Lagabreytingar**  
Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi Foreldrafélags ML. (FOMEL)  
Tillögur að breytingum þurfa að berast Foreldraráði ML eigi síðar en 14 dögum fyrir boðaðan aðalfund. Tillögur að lagabreytingum sem Foreldraráð hyggst leggja fram, skal kynna um leið og boðað er til aðalfundar.
  9. Ef slíta þarf Foreldrafélagi Menntaskólans að Laugarvatni, skal ákvörðun um það tekin á löglega boðuðum aðalfundi með samþykki allra stjórnarmanna auk 2/3 hluta fundarmanna og renna þá eignir/eigur félagsins til nemendafélags Menntaskólans að Laugarvatni.

Samþykkt á stofnfundi Foreldrafélags ML

Laugarvatni 14. apríl 2011